

AUGLÝSING

98

30. nóv.

um viðskiptasamning milli Íslands og Ungverjalands.

Hinn 16. október var með erindaskiptum í Genf framlengdur viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 óbreyttur til ársloka 1955.

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. nóvember 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

LÖG

99

1. des.

um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Stimpilgjald skal innheimt í heilum krónum, en aurum sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1954.

Gjört að Bessastöðum, 1. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.